

# UM YNDISLESTUR

## Ávinningurinn af miklum lestri

Enginn efast um gagnsemi mikils lestrar fyrir nám og þroska nemenda en það getur verið erfitt að átta sig á orsakasambandi mikils lestrar og þess að vera góður lesari og erfitt að ákvarða hvort kemur á undan. Er lesari góður af því að hann les mikið eða les hann mikið vegna þess að hann er góður í lestri?

Hægt er að telja til margs konar ávinning af miklum lestri en þeir sem lesa sér til yndis öðlast forskot á mörgum sviðum. Yndislestur hefur meðal annars jákvæð áhrif á lestrar- og ritunarfærni, lesskilning og orðaforða og skilning á mál- og setningafræði. Þeir sem lesa mikið hafa einnig umfangsmeiri almenna þekkingu, betri skilning á mannlegu eðli og þeir eiga betra með að setja sig í spor annarra.

Rannsóknir sýna enn fremur að nemendur sem hafa yndi af lestri, fá betri niðurstöður úr prófum sem mæla vitsmuna- og félagsþroska, fá betri niðurstöður úr prófum sem mæla stærðfræðiþekkingu, læsi og rökhugsun, eru virkari þátttakendur í eigin námi og áhugasamari um eigin skólagöngu. Síðast en ekki síst eiga þessir nemendur jákvæðari samskipti og tengsl við fjölskyldu og þeir sýna síður áhættu hegðun.

## Yndislestur eða eitthvað annað?

Í ljósi aukins skilnings á mikilvægi lestrar fyrir árangur í námi hafa skólar í auknum mæli farið þá leið að taka frá 10-20 mínútur af kennsludeginum í yndislestur til að veita nemendum tækifæri til að lesa sér til yndis. Á meðan yndislestrarstundin varir eiga allir nemendur að lesa í bók að eigin vali og kennarinn helst líka. Þessi hugmynd á sér hliðstæðu innan lestrarfræðinnar í hljóðlestrarstundum (sustained silent reading) eða D.R.T.A. (drop-everything-and read). Með því að taka þessar mínútur frá dagalega reyna kennarar að auka líkurnar á því að nemendur njóti ávinningsins sem hlýst af reglubundnum yndislestri.

Ekki eru þó allir kennarar á eitt sáttir um það að nota 50-100 mínútur af dýrmætum kennslutíma í yndislestur þar sem sumir nemendur eiga stöðugt í vandræðum með að finna sér áhugavert lesefni og að festa hugann við lesturinn. Bent hefur verið á að þetta sé ekki góð nýting á kennslutíma þar sem tilgangur lestrar er óljós (að njóta og það er ekki sjálfgefið að allir njóti eða geti notið lestrar), stuðningur, endurgjöf og eftirfylgni kennara lítil eða engin og engin krafa gerð um úrvinnslu. Þetta verða því stundir sem aðeins góðir, áhugasamir lesarar njóta en þessar mínútur fara fyrir ofan garð og neðan hjá öðrum sem búa ef til vill ekki yfir nægilegri lestrarfærni til að geta notið lestrar. Enn fremur má draga í efa hvort „yndislestur“ sé rétt heiti á skyldulestri af þessu tagi þar sem yndislestur (pleasure reading) er skilgreindur sem sá lestur sem við innum af hendi sjálfviljug, án hvatningar og vegna eftirvæntingar eftir ánægjunni sem lesturinn mun veita. Raunverulegur yndislestur felur í sér að:

- Nemandinn les að eigin frumkvæði.
- Hann er ekki skyldaður til að lesa.
- Honum er ekki settur lestur fyrir.
- Það er hvorki spurt út í né prófað úr lesefni.
- Hann les til að læra það sem hann langar til að læra.

- Hann les til að njóta.
- Hann hefur frelsi til að velja lesefni sitt.
- Hann má velja að lesa ekki.
- Hann ákveður sjálfur markmiðið með lestrinum.
- Hann fær að ráða hvar, hvenær og af hvaða ástæðu er lesið.

Markmið yndislestrar er því að lesa til að njóta án nokkurra kvaða og vegna ánægjunnar sem lesturinn veitir. Þetta er í raun kjarni yndislestrar og það má því vera ljóst að það sem er gjarnan kallað yndislestur í skólum í dag er í raun skyldulestur sem ekki er vitað hvort leiði til framfara þar sem kennarinn veit ekki hvað er að gerast hjá nemendum á meðan á lestrinum stendur. Því er mikilvægt að skólar ígrundi vel hver tilgangur þeirra sé með því að nýta hluta kennslutíma á viku í „yndislestur“ og hver ávinningurinn eigi að vera af slíkum stundum.

### Tækifæri til lestrar

Alþjóðlegu læsissamtökin (International Literacy Association) hafa nýverið bent á að þar sem samkeppnin um tíma nemenda sé orðin mikil verði nemendur að fá tækifæri til að lesa í skólanum til að efla lestrarfærni sína og stunda lestur á eigin forsendum (independent reading, stundum þýtt sjálfstæður lestur) eða með stuðningi kennara eftir því sem þurfa þykir. Slíkar lestrarstundir eiga að:

- Auka úthald nemenda við lestur þar sem magn lesefnis eykst eftir því sem nemendur eldast.
- Hjálpa nemandanum að öðlast ánægju af lestri með því að virkja áhugahvöt og bjóða upp á val á fjölbreyttu lesefni (textategundum).
- Byggja upp orðaforða og bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Þjálfra lestrarfærni ef þörf krefur (t.d. lesfimi og lesskilning).
- Hjálpa nemendum að tileinka sér góðar lestrarvenjur.
- Tryggja jöfnuð nemenda með því að veita þeim tækifæri til að lesa.

Eins og áður hefur komið fram er ávinningurinn af yndislestri mikilli og bent hefur verið á að ein besta leiðin til að auka líkur á að nemendur lesi sér til yndis er að hjálpa þeim að verða færir lesarar. Góð lestrarfærni tryggir ekki endilega að nemandi læri að njóta lestrar en vitað er að ef einstaklingur er góður í einhverju eru miklar líkur á að hann noti færni. Skortur á færni kemur að minnsta kosti ekki í veg fyrir að nemandi lesi. Skólar hafa það hlutverk að kenna lestur og þeir eiga mjög ríkan þátt í að gera nemendur læsa. Það er því mjög mikilvægt að kennarar velti því fyrir sér hvernig þeir ætla að haga lestrarkennslu sinni, með hvaða hætti kennslutíma sé best varið í þágu nemenda og hvort „yndislestrarstundir“ skili öllum nemendum í átt að bættu læsi.

Á *Læsisvefnum* er að finna verkefnið *Kennarastýrður hljóðlestur* (scaffolded silent reading) sem getur veitt kennurum leiðsögn varðandi það hvernig þeir geta nýtt lestrarstundir í skóla betur þannig að þær gagnist öllum nemendum betur og verði mikilvægt innlegg í lestrarkennslu fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda.